



Velferðarnefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis

Kirkjustræti 12

101 Reykjavík

Reykjanesbæ 19. október 2018

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, lögð fram á 149. löggjafarþingi, 2018–2019, 19. mál.

Reykjanesbæ hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, lögð fram á 149. löggjafarþingi, 2018–2019, 19. mál.

Reykjanesbær fagnar tillögu um miðlæga upplýsingaskrifstofu fyrir innflytjendur og telur mikilvægt að endurskoða hlutverk Fjölmeningarseturs í því samhengi. Einnig samstarf setursins og sveitarfélaga, sem sinna allri helstu nærþjónustu, og mögulega samstarf við aðrar stofnanir og félög sem koma að málefnum innflytjenda.

Reykjanesbær telur mikilvægt að kappkostað sé við að veita þeim sem leita eftir þjónustu sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana þá þjónustu sem völ er á, óháð uppruna, aldri, fötlun kyni, kynhneigð eða öðrum þáttum. Miðlæg skrifstofa fyrir innflytjendur ætti ekki að koma í stað þeirrar þjónustu sem þegar er veitt, heldur einskorðast við að beina fólki á rétta staði til þess að fá úrlausnir sinna mála.

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni hefur Fjölmeningarsetrið víðfeðmt lögbundið hlutverk, skv. lögum um innflytjendur, nr. 116/2012. Setrið skal meðal annars vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki, félög og einstaklinga og taka saman og miðla upplýsingum um réttindi og skyldur á aðgengilegan hátt. Jafnframt skal það fylgjast með þróun innflytjendamála í þjóðfélaginu, svo sem með upplýsingaöflun, greiningu og upplýsingamiðlum. Einnig koma á framfæri ábendingum og tillögum til viðeigandi stjórnvalda um aðgerðir sem hafa það að markmiði að allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna.

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 skulu sveitarfélög bæði veita íbúum sínum upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál sem og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda.

Fjölmeningarsetur og sveitarfélögin bera því lögbundna ábyrgð á þeim hlutverkum sem lýst er í tillögunni og lagt er til að verði hlutverk nýrrar ráðgjafarstofu innflytjendamála.

Hlutverk Fjölmeningarseturs er vissulega víðfeðmt og stofnunin lítil. Það félli því vel að markmiði þingsályktunartillögunnar að styrkja stöðu hennar með auknum stöðugildum og skýrara fyrirkomulagi samstarfs við sveitarfélög, ríkisstofnanir sem koma að nýskráningu innflytjenda, stéttarfélög og félagasamtök. Sveitarfélög eiga eftir sem áður að sinna félagslegum og sálfélagslegum stuðningi í því skyni að renna styrkari stoðum undir árangursríka samfélagsþátttöku á Ísland. Þau verkefni skyldu ekki vera unnin á miðlægri ríkisstofnun.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12

230 Reykjanesbær

Sími 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is



Eitt sveitarfélag getur fengið það hlutverk að vera leiðandi fyrir önnur sveitarfélög. Hefja mætti tilraunaverkefni um samstarfsskrifstofu sveitarfélags, Útlendingastofnunar, Þjóðskrár Íslands, stéttarféлага og félagasamtaka þar sem allt væri unnið á einum stað. Ef vel tækist til væri hægt að nýta þá góðu reynslu í öðrum sveitarfélögum.

Fjölmenningarsetur ætti áfram að sinna sveitarfélögum og þeim þjónustustofnunum sem fyrir eru og vinna þannig að því að hafa aðgengilegt upplýsingaefni fyrir innflytjendur, fremur en að stíga inn í einstaklingsráðgjöf og/eða einstaklingsstuðning.

Af þessu tilefni lýsir Reykjanesbær yfir áhuga á samstarfi við ríkið og eftir atvikum Fjölmenningarsetur um að vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að þjónustu fyrir innflytjendur og uppbyggingu fyrirmyndar fjölmenningsamfélags. Íbúar af erlendum uppruna nálgast að verða fjórðungur íbúa Reykjanesbæjar. Starfsfólk hefur lagt metnað í stefnumótun fjölmenningsmála og þjónustu við íbúa af erlendum uppruna. Ef tekin verður ákvörðun um að setja á laggirnar þjónustumiðstöð fyrir þá sem flytja til Íslands þannig að þeir þurfi aðeins að leita á eina þjónustustofnun við komuna til landsins (first-stop-shop), býður Reykjanesbær fram aðstöðu. Þannig myndast þekking og sérfræðikunnátta á einum stað í nálægð við höfuðborgarsvæði. Reykjanesbær yrði um leið leiðandi og ráðgefandi fyrir önnur sveitarfélög.

Öflugt Fjölmenningarsetur í samstarfi við leiðandi sveitarfélag er góður kostur til þess að mæta þeim markmiðum sem sett eru fram í þingsályktunartillögunni.

Frekari upplýsingar veitir
Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir
verkefnastjóri fjölmenningsmála
hilma.h.sigurdardottir@reykjanesbaer.is



Kjartan Már Kjartansson
bæjarstjóri Reykjanesbæjar